

Dags eftirlits	15.9.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Margrét Viðarsdóttir
Fyrirtæki	Vopnafjarðarhreppur	Eftirlitsmaður	Halla Margrét Viðarsdóttir
Heimili	Hamrahlíð 15	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	710269-5569	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Bjartur Aðalbjörnsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Valdimar O. Hermannsson	Staðsetning	690508,452 590016,913

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fjögur frávík frá kröfum starfsleyfis komu fram við eftirlit og varða úrgang sem geymdur er inn á urðunarstað sem ekki fellur að móttökuskilyrðum starfsleyfis, varða ófrágenginn urðaðan úrgang, varða að styrkur efna mælist yfir mörkum í grunnvatni og yfirborðsvatni og varða að ekki hafi farið fram vöktun á sigvatni neðan hreinsivirkis.

Opin eru tvö eldri frávík sem ekki hefur tekist að gera úrbætur á og voru sett fram í eftirliti ársins 2024 en frávikin voru fyrst sett fram árið 2020 og varða að ekki er hreinsivirki til staðar í samræmi við kröfur starfsleyfis og að vatn safnast fyrir í úrgangi í botni urðunarreina.

Tvær ábendingar eru lagðar fram.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með urðunarstað Vopnafjarðarhrepps við Búðaröxl í samræmi við 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunavarnareftirlit. Urðunarstað er heimilt að taka á móti og urða allt að 1.000 t af úrgangi á ári (hámark 10 t á sólahring) sem á uppruna sinn í Vopnafjarðarhreppi eða úr Langanesbyggð. Geymsla brotamálms er heimiluð inn á urðunarstað, svo fremi sem hann innihaldi ekki spilliefni, skal magn þess sem geymt er inn á urðunarstað hverju sinni rúmast fyrir í einum gámi og yfir árið skal magnið ekki fara yfir 26 t. Geymsla úrgangs inn á urðunarstað umfram það er óheimil.

Umfang eftirlits var eftirfarandi:

- 1) Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- 2) Farið yfir starfsleyfið
- 3) Eftirlitsmælingar og skráningar
- 4) Áætlanir og viðbrögð
- 5) Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- 6) Kynning á meðfylgjandi gögnum
- 7) Önnur mál
- 8) Skoðunarferð á urðunarstað

1. Rekstraraðili vann eftir samþykktri úrbótaáætlun vegna frávika sem sett voru fram í eftirliti árið 2024. Umhverfis- og orkustofnun óskaði hins vegar eftir uppfærðri úrbótaáætlun vegna eldra frávíks sem opið hefur verið síðan árið 2020 og varðar að ekki er til staðar hreinsivirki fyrir sigvatn á urðunarstað sbr. starfsleyfi. Uppfærð úrbótaáætlun barst ekki. Fyrri úrbætur miðuðust við að rekstraraðili myndi sækja um breytingu á starfsleyfi þar sem hann taldi óvíst að fyrirkomulag hreinsivirkisins eins og gerð er grein fyrir í starfsleyfi myndi skila árangri. Umsókninni var hafnað og var rekstraraðila gert það kunnugt í bréfi dagsettu þann 27. mars 2025. Frávikið er enn opið og í eftirliti nú er það einnig staðfest að vatn safnast fyrir í botni urðunarreina sem einnig er opið eldra frávík. Grafið er niður á leirlag á suðvestur svæði urðunarstaðar þar sem staðsett eru þau urðunarhólf sem voru í notkun þegar eftirlit fór fram. Brynt er að urðunarstaðurinn sé útbúinn þannig að hægt sé að veita frá vatni og það safnist ekki fyrir í úrganginum og að hreinsivirki sé til staðar í samræmi við kröfur starfsleyfis og í samræmi við kröfur í rg. nr. 738/2023 um urðun úrgangs. Rekstraraðili vann eftir úrbótaáætlun vegna fjögurra annarra frávika er sett voru fram í eftirliti 2024 og varða geymslu brotamálms í magni umfram heimildir starfsleyfis, ófullnægjandi hlið og girðingar umhverfis urðunarstað, skráningum ársyfirlits var ekki skilað árið 2024, niðurstaða á vöktun var ekki skilað og skráningar voru ekki í samræmi við ákvæði starfsleyfis. Bætt hefur verið úr öllum atriðum nema þau er varða uppsöfnun vatns í úrganginum og að hreinsivirki sé ekki til staðar og þau frávík því ennþá opin. Vöktun á sigvatni fer ekki fram og því skráningar ekki fullnægjandi og er það frávík frá starfsleyfi.

2. Farið var yfir kröfur starfsleyfis.

3. Rekstraraðili sýndi fram á fullnægjandi skráningar á mótteknum úrgangi við eftirlit, skráningum var skilað þann 7. mars 2025. Farið var yfir niðurstöður vöktunar. Ekki koma fram niðurstöður rennslismælinga í skráningum á magni sigvatns/yfirborðsvatns (neðan hreinsivirkis) eða skráningar á samsetningu sigvatns/yfirborðsvatns neðan hreinsivirkis en ekkert hreinsivirki er til staðar. Neðan urðunarstaðar, í grunnvatnsbrunni merktum (VF5) mælist styrkur á ammóníum 2,99 mg/l N, viðmiðunargildi fyrir grunnvatn á þeim mælipætti er 0,5 mg/l N, viðsnúningsgildi er 0,4 mg/l N. Nitrít mælist einnig yfir mörkum í sama grunnvatnsbrunni, þ.e. VF5 og er 2,72 mg/l, viðmiðunargildi nitríts er 0,5 mg/l og viðsnúningsgildi þess er 0,375 mg/l, sbr. við viðauka III í rg. nr. 535/2011, B-hluta, undir gr. 2.3.4. Í yfirborðsvatni ef niðurstöður eru bornar saman við fylgiskjal í rg. nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns þá fellur nikkel (Ni) úr flokki I yfir í flokk nr. II milli mælistaða og einnig fer súrefnispörf (COD) úr flokki III og yfir umhverfismörk hæsta flokks sem er V (efri mörk 30 mg/l). VF3 er mæling við Skógarlón við innrennsli og VF2 er mæling við Skógarlón, neðan innrennslis. Í VF3 er Ni undir greiningarmörkum en VF2 er það að mælast 0,788 µg/L. Í VF3 er COD að mælast = 19,5 mg/L og í VF2 = 40,5 mg/L.

4. Við eftirlit lagði rekstraraðili fram rekstrarhandbók/möppu þar sem í voru að finna allar helstu upplýsingar um urðunarsvæðið, viðbragðs og neyðaráætlun. Skráningar vegna innra eftirlits er varðar veðurfar og uppgufunarmælingar lágu fyrir, sem og sigvatnsmælingar og greinagerð um stöðu urðunarstaðar, ásamt öðrum skráningum.

5. Niðurstaða áhættumats 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits á næsta ári skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit helst óbreytt frá síðasta ári.

6. Fjallað var um breytt fyrirkomulag eftirlits hjá Umhverfis- og orkustofnun og voru einnig kynntar nýjar leiðbeiningar um olíuskiljur, en erindi um hvoru tveggja fylgdi fundarboði eftirlits. Fjallað var um breytingar á fyrirkomulagi skila á Umhverfisupplýsingum, en fyrr á árinu var sent erindi þess efnis á alla starfsleyfishafa hjá Umhverfis- og orkustofnun. Varðar breytingin rg. nr. 990/2008 um útstreymisbókhald, sbr. breytingareglugerð nr. 206/2025. Rekstraraðilar atvinnurekstrar, sbr. viðauka I og viðauka II í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, skulu skila árlega umhverfisupplýsingum rafrænt til Umhverfis- og orkustofnunar, til viðbótar við skráningar ársyfirlits.

7. Önnur mál voru tekin til umræðu, m.a. staða úrgangsmála í sveitarfélaginu og aðlögun að breyttum skilyrðum sorphirðu og þeim áskorunum sem fylgja þeim breytingum.

8. Farið var í vettvangskoðun inn á urðunarstað en frávik er sett fram vegna móttöku úrgangs sem ekki fellur að móttökuskilyrðum urðunarstaðar.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

gr. 1.2 í starfsleyfi og 9. gr. rg. nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs:

Óheimilt er að geyma úrgang inn á urðunarstað sem ekki fellur að móttökuskilyrðum starfsleyfis. Á urðunarstað voru til staðar hjólbarðar. Einnig tómir olíugeymar og bílhræ. Ráðstöfun og meðhöndlun úrgangs skal vera þannig að gætt sé sérstaklega að mengun berist ekki í jarðveg.

gr. 5.2 í starfsleyfi:

Fullnægjandi aðstaða til sýnatöku og rennslismælinga á sigvatni skal vera fyrir hendi til að unnt sé að fylgjast með mengun sem frá urðunarstaðnum kann að berast. Engar mælingar voru gerðar á samsetningu sigvatns neðan hreinsivirkis árið 2024.

gr. 5.3 í starfsleyfi og frá III. kafla laga Niðurstaða vöktunar vegna grunnvatns og yfirborðsvatns benda til þess að nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og 8. álag sé til staðar frá urðunarstaðnum. Sjá nánar ýtarlega umfjöllun um gr. rg. nr 535/2011 um um flokkun niðurstöðu vöktunar í megintexta skýrslunnar. vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun

gr. 4.3 í starfsleyfi:

Úrgangur sem lagður hefur verið í urðunarhólf skal birgður samdægurs með

þekjuefni og skal þykkt þess vera nægjanleg til að hylja þann úrgang sem urðaður hefur verið og á svo lokafrágangur við þegar hluti svæðis er hættur í notkun. Eftir eftirlit var ekið eftir Norðausturvegi og blasti þá við af veginum óhulinn úrgangur við norðurenda og norðvesturenda urðunarstaðar.

ÁBENDINGAR

Ábending 1:

Bæta þarf úr skráningum á stöðu urðunarstaðar, bæta þarf úr þeim upplýsingum sem lýsa því svæði sem er undir úrgangi, sem þegar er búið að urða í og útreikningum á því urðunarrými sem eftir er á staðnum. Hægt er að styðjast við loftmyndir til að sýna fram á slíkar skráningar ásamt útreikningum á nýttu rými og því sem hægt er að nýta yfir rekstrartíma urðunarstaðarins.

Ábending 2:

Niðurstöður vöktunarmælinga skulu studdar af yfirlitsmynd af urðunarstaðnum með merktum staðsetningum brunna og staðsetningum þar sem sýnatökur fara fram eða þar sem aðrar mælingar eru framkvæmdar. Annar valmöguleiki er að leggja fram upplýsingar um hnitsetningu þeirra.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,

Halla Margrét Viðarsdóttir

Halla Margrét Viðarsdóttir